



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á Fiskideginum mikla  
Dalvík  
12. ágúst 2006**

Ágætu Dalvíkingar,  
gestir, ferðalangar  
þúsundir sem komnar eru á Fiskidaginn

Hvílík gestrisni heimamanna, hvílíkt góðgæti er hér á borðum, hvílík veisla með fjörðinn og fjöllin sem salarkynni.

Mér er til efs að nokkru sinni í sögu Íslands hafi svo mörgum verið gefið að borða samtímis og sýnir það stórhug ykkar Dalvíkinga.

Þið fenguð frábæra hugmynd og höfðuð áræði og þor til að hrinda henni í framkvæmd. Viðbrögðin létu ekki á sér standa; þúsundir flyktust hingað.

Þið hafið sannað að frumleg hugsun skiptir máli, að áriðandi er að stilla strengina rétt því þá verður árangurinn ótvíræður.

Slíkt er áhrifarík byggðastefna: að virkja hugmyndaflugið, samstöðuna, byggja á kostum byggðarlagsins og hafa þor til að halda inn á nýjar brautir, að hugsa stórt og láta ekki úrtölnar aftra för.

Hugarorkan er dýrmæt auðlind, sú verðmætasta sem við eigum; hér er frábær sönnun þess.

En Fiskidagurinn sýnir líka annan þátt ekki síður mikilvægan: að samstaðan skiptir sköpum; þegar allir leggjast á eitt þá fæðast kraftaverkin.

Fiskidagurinn felur í sér margvíslegar vísbendingar. Ekki aðeins skilaboð um gestrisnina, um getu Dalvíkinga, heldur líka að byggðir landsins eiga að virkja hugmyndaauðinn og samstöðuna, að hægt er að skapa úr frumleika heimamanna frábæran vettvang sem þúsundir

Íslendinga meta mikils – og nýta um leið auðlindirnar sem löngum hafa fært björg í bú, verið undirstaða framfara og hagsældar þjóðarinnar.

Fiskidagurinn er óður til hafsins, til auðæfanna sem sjórinn skapar, til sjómanna sem leggja líf sitt í hættu, til fiskvinnslufólksins sem gerir úr aflanum útflutningsvöru, afurðir sem njóta frábærs orðstírs víða um heim.

Án sjávarútvegs hefði orðið heldur lítið úr okkur Íslendingum, sjálfstæðið verið til muna torsóttara.

Fiskidagurinn mikli sameinar því bæði 17. júní og Sjómannadaginn; eins og báðum sé steipt saman í eitt og bætt við veisluborði sem minnir helst á risavaxna fermingaveislu, fermingaveislu þar sem allri ættinni er boðið; ekki bara henni, heldur allri þjóðinni hingað heim á Dalvík.

Það rifjar upp í huga mér, kannski vegna þess að við Dorrit höldum á morgun til Hóla þar sem minnst verður 900 ára afmælis biskupsstóls, að frelsarinn bauð fjöldanum upp á brauðin sjö og fáeina fiska; hann hafði ekki úr miklu að móða og það átti að duga.

Dalvíkingar gera gott betur en frelsarinn forðum. Dalvíkingar bjóða upp á tíu tonn og svo marga rúgbrauðshleifa að ekki verður á tölu komið.

Gestrisni Dalvíkinga eru engin takmörk sett og í gærkvöldi gengum við Dorrit um bæinn nutum þess eins og margir fleiri að taka hús á heimamönnum. Fiskisúpukvöldið er frábær hugmynd. Tugir heimila hér á Dalvík standa þá öllum opin. Hver sem er getur gengið inn og veit ég ekki um annað byggðarlag sem þannig býður ókunnugum upp á mat og vísar öllum sem að garði ber beint til stofu.

Já, Dalvíkingar eru engum líkir. Það hafið þið svo sannarlega sýnt með því að efna til Fiskidagsins mikla; eruð um leið fordæmi og fyrirmynd, sýnið öðrum byggðarlögum og þjóðinni allri hvað hægt er að gera.

Fyrir hönd okkar allra sem hingað erum komin þakka ég Dalvíkingum gestrisnina og legg til að við öll, þúsundirnar sem hér erum, hyllum Dalvíkinga með húrrahrópum; höfum það fimmfalt húrra, meira en venjulega, Dalvíkingar eiga það skilið.

Þeir lifi!